



Viðtakandi: Menningar- og íþróttaráð
Sendandi: Menningarborgin

Reykjavík, 6. febrúar 2026
MIR26020006

TILLAGA

Tillaga: Starfshópur um framtíðarfyrirkomulag varðveislurýma fyrir listasöfn

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur um framtíðarfyrirkomulag varðveislurýma fyrir listasöfn. Starfshópurinn skipa fulltrúar frá Listasafni Reykjavíkur, Nýlistasafninu, Listasafni Íslands, Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu og menningar- og íþróttasviði Reykjavíkur.

Ábyrgðaraðili er skrifstofustjóri menningarborgar.

Greinargerð:

Listaverkageymslur, eða varðveislurými, eru grunnþáttur í starfsemi listasafna og er góður aðbúnaður safnkostsins forsenda þess að þeirri arfleifð sem safninu er falin verði skilað óspilltri til komandi kynslóða. Á undanförunum árum hefur þörf fyrir aukið varðveislurými orðið æ brýnni.

Húsnæði varðveislurýma er ólíkt og misjafnt að umfangi og gæðum; sumt er viðunandi en annað algerlega ófullnægjandi. Jafnt og þétt bætist við listaverkageign safna í samræmi við hlutverk þeirra og því er ljóst að þörf er á heildstæðum lausnum.

Virðingarfyllst,

Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir
Skrifstofustjóri menningarborgar
Menningar- og íþróttasvið



Reykjavík